

**Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 14. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á áfengislögum nr. 75/1998 (74. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur lengi talið tímabært að endurskoða áfengislöggjöfina, einkum með tilliti til ákvæða um áfengisauglýsingar. Verslunarráð er ekki sammála þeirri skoðun sem fram kemur í greinargerð um að „gat“ sé á löggjöfinni sem veiti framleiðendum og dreifingaraðilum áfengis tækifæri til þess að fara í kringum auglýsingabann það sem gildir. Sé hins vegar fallist á áfengislöggjöfin sé óskýr þá má telja að ofangreint frumvarp sé ekki sérstaklega til þess fallið að gera hana skýrari. Frumvarpið fjallar enda ekkert um áfengisumfjöllun fjölmiðla sem virðist nú vera helsti auglýsingamiðillinn hér á landi. Framleiðendur eru hins vegar í misgóðri stöðu til þess að koma sér á framfæri með þeim hætti. Löggjöfin hefur því búið til nokkurt ójafnræði meðal auglýsenda sem ekki verður leyst nema með því að gefa þeim öllum sanngjarna möguleika á að koma vörum sínum á framfæri við neytendur.

Verslunarráð telur eðlilegast að um áfengisauglýsingar gildi sömu reglur og um auglýsingar á öðrum leyfilegum vörum hérlendis og leggst gegn ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.